

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 14. júní 2010 í máli nr. E-1787/2009:

BYR hf.

(Stefán Bjarni Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Rúnari Þresti Grímssyni og

Fjárfestingafélaginu Orku ehf.

(Jón Einar Jakobsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 17. f.m., er höfðað 16. apríl 2009.

Stefnandi er BYR hf., Borgartúni 18 í Reykjavík.

Stefndu eru Fjárfestingafélagið Orka ehf., Hjallabraut 37 í Hafnarfirði, og Rúnar Þröstur Grímsson, Hegranesi 5 í Garðabæ.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði óskipt gert að greiða honum 50.000.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. nóvember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda Fjárfestingafélagið Orku ehf., en frá 9. desember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda Rúnar Þröst. Að auki er þess krafist að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda 4.733.903 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. nóvember 2008 til greiðsludags. Loks er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefndu.

Stefndu skiluðu sameiginlegri greinargerð í málinu 24. júní 2009. Þeir kefjast aðallega sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málið var höfðað af Byr sparisjóði. Fyrir liggur að 22. apríl 2010 ákvað Fjármálaeftirlitið með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar sjóðsins, víkja stjórn hans frá og ráðstafa öllum eignum hans, þar á meðal kröfuréttindum, til Byrs hf. Til samræmis við þetta hefur Byr hf. tekið við aðild að málinu.

I

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skuldar á tékkareikningi stefnda Fjárfestingafélagsins Orku ehf. í einu af útibúum stefnanda. Hinn 10. nóvember 2008 hafi innistæðulausar færslur á reikningnum, sem er nr. 500004, numið 54.733.903 krónum og er þess krafist að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk dráttarvaxta. Hinn 28. maí 2008 hafi stefndi Rúnar Þröstur tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu yfirdráttar á tékkareikningnum að fjárhæð allt að 50.000.000 krónur auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar. Taki óskipt ábyrgð stefndu til þeirrar fjárhæðar auk vaxta af henni. Þar sem skuldin hafi ekki fengist greidd hafi reynst nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til meginreglna kröfuréttar um skyldu til greiðslu fjárskuldbindinga. Að því er stefnda Rúnar Þröst varðar er einnig byggt á framlagðri yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð og reglna íslensks kröfuréttar um skuldbindingargildi slíkra yfirlýsinga.

II

Í greinargerð er því haldið fram að í ágúst 2007 hafi tekist samningur á milli stefnanda og hins stefnda félags um að stefnandi myndi fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir stefnda á lóð að Breiðhelli 22 í Hafnarfirði sem félagið hafði þá eignast með kaupum á Klausturhólum ehf., en lóðin hafi verið eina eign þess félags. Í upphafi hafi stefnandi veitt stefnda lán að fjárhæð 68.000.000 krónur sem hafi verið tryggt með 1. veðrétti í lóðinni og hafi það verið notað til að greiða lóðargjöld til Hafnarfjarðarbæjar og til að hefja framkvæmdir þar. Hinn 20. maí 2008 hafi stefndi svo gefið út tryggingarbréf að fjárhæð 60.000.000 krónur til tryggingar láni sem stefnandi hafi veitt félaginu. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda gert ráð fyrir því að sú fjárhæð yrði lögð inn á reikning félagsins í útibúi stefnanda við Borgartún í Reykjavík. Þremur dögum síðar hafi stefndi Rúnar Þröstur verið boðaður á fund með starfsmanni og lögmanni stefnanda og þar látinn undirrita yfirlýsingu, samda af stefnanda, um það hvernig láninu skyldi ráðstafað. Af yfirlýsingunni megi ráða á lánið væri í formi yfirdráttar upp á 50.000.000 krónur og að 16.999.998 krónum af þeirri fjárhæð skyldi ráðstafað til eigenda Klausturhóla ehf., 399.562 krónum til greiðslu á þinglýsingar- og stimpilgjaldi og 25.438.298 krónum til lögmannsstofu stefnanda. Stefndi hafi aldrei fengið skilagrein yfir ráðstöfun lánsfjárhæðarinnar. Hafi verið gengið út frá því af hálfu stefnda að hún yrði, að frádreginni greiðslu til seljenda lóðarinnar, laus til ráðstöfunar fyrir hann á reikningi félagsins í framangreindu útibúi stefnanda, enda hafi hann aldrei falast eftir aðstoð lögmannsstofunnar til að sjá með einum eða öðrum hætti um það hvernig láninu skyldi ráðstafað. Allnokkru síðar hafi hins vegar komið í ljós að stefnandi hafi að stefnda forspurðum stofnað nýjan reikning á nafni félagsins við útbú sitt í Hafnarfirði og að á honum hafi orðið til yfirdráttarskuld sem hinn 13. júní 2008 hafi numið 49.326.286 krónur. Stefnandi hafi ekki komið frekar að fjármögnun þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar voru á lóðinni við Breiðhelli og hafi hann með því vanefnt það samkomulag sem aðilar hefðu gert á sínum tíma.

Hafi þessi vanefnd valdið stefnda verulegu tjóni, sem í öllu falli nemi stefnufjárhæð málsins. Lóðin hafi svo verið seld nauðungarsölu, þar sem stefnandi hafi verið hæstbjóðandi með boð að fjárhæð 61.000.000 krónur. Þar sé um undirverð að ræða. Standi rök til þess að líta megi svo á að stefnandi hafi með þessum kaupum sínum á lóðinni fengið kröfu sína að fullu greidda, sbr. í því efni ákvæði 57. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Auk framangreinds byggir stefndi Rúnar Þróstur sýknukröfu sína á því að hann hafi ekki gengist undir persónulega ábyrgð á greiðslu skuldar á umræddum tékkareikningi meðstefnda. Hann hafi ritað undir þá yfirlýsingu, sem krafa stefnanda á hendur honum styðst við, í von um frekara lán úr hendi stefnanda og í samræmi við gefin loforð. Þau hafi verið svikin. Hafi aldrei hvarflað að honum að taka ábyrgð á yfirdráttarskuldbætur meðstefnda.

Stefndu byggja sýknukröfu ennfremur á 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefnandi hafi haft veg og vanda af allri sanningsgerð, verulega hafi hallað á stefndu í lögskiptum aðila og þeim hafi aldrei verið gerð grein fyrir áætlunum stefnanda um ráðstöfun lánsfjárhæðar. Þá beri stefnandi ábyrgð á tjóni sem hið stefnda félag hafi orðið fyrir með því að ekkert varð af fyrirhuguðum framkvæmdum á lóðinni að Breiðhelli 22. Verði eins og málum er háttað að telja það ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig þá löggerninga sem hann byggir kröfugerð sína á.

Stefndu mótmæla sérstaklega kröfu stefnanda um vexti. Segir í greinargerð að þau mótmæli taki bæði til vaxtatíma og vaxtafótar. Þá telja stefndu að ekki geti undir nokkrum kringumstæðum komið til þess að þeim verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

III

Í málinu liggur það fyrir að 21. ágúst 2007 gaf stefndi Fjárfestingarfélagið Orka ehf. út skuldabréf til Byrs sparisjóðs að fjárhæð 68.000.000 krónur og var það tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni að Breiðhelli 22 í Hafnarfirði. Þá gaf félagið út tryggingarbréf 20. maí 2008 að fjárhæð 60.000.000 krónur til tryggingar á greiðslu annarra skulda félagsins við sparisjóðinn. Var það tryggt með 2. veðrétti í sömu eign. Er ekki annað komið fram í málinu að tryggingarbréfinu hafi meðal annars verið ætlað að vera trygging fyrir greiðslu þeirrar yfirdráttarskuldar sem málið tekur til. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði seldi eignina nauðungarsölu við uppboð 8. apríl 2009 og keypti sparisjóðurinn hana fyrir 61.000.000 krónur. Við uppboðið lýsti hann kröfu samkvæmt skuldabréfinu að fjárhæð 99.458.582 krónur og kröfu á grundvelli tryggingarbréfsins að fjárhæð 91.225.805 krónur. Var í frumvarpi að úthlutunargerð gert ráð fyrir að 59.258.794 krónum yrði varið til að greiða sölulaun í ríkissjóð og lögveðkröfur, en að sjóðurinn fengi eftirstöðvarnar, 1.741.206 krónur, upp í kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 5. febrúar 2010 var fallist á kröfu Byrs sparisjóðs um að framvarpinu yrði breytt á þann veg að í stað þess að úthluta 54.621.531 krónu af nauðungarsöluandvirði eignarinnar upp í lögveðkröfu Hafnarfjarðarbæjar skyldi sömu fjárhæð úthlutað til sjóðsins á grundvelli veðskuldabréfsins. Þessi úrskurður var ekki kærður til Hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins nam yfirdráttarskuld stefnda, Fjárfestingafélagsins Orku ehf., á tékkareikningi nr. 500004 í útbúi Byrs sparisjóðs við Borgartún í Reykjavík hinn 10. nóvember 2008 54.733.903 krónum, en yfirdráttarheimild var takmörkuð við 50.000.000 krónur. Voru stefndu krafín um fyrrgreindu fjárhæðina að viðbættum dráttarvöxtum og innheimtuþóknun með bréfi lögmans sjóðsins 9. desember 2008 og nam heildarkrafan 57.585.966 krónum. Þar sem skuldin fékkst ekki greidd var mál þetta höfðað. Gerir stefnandi þær dómkröfur á hendur stefndu sem áður er getið og er kröfugerð á hendur stefnda Rúnari Þresti grundvölluð á því að hann hafi 28. maí 2008 gengist undir sjálfskuldarábyrgð á greiðslu yfirdráttarskuldar meðstefnda að fjárhæð 50.000.000 krónur og í samræmi við þá skilmála sem tilgreindir eru í yfirlýsingu sem hann undirritaði af þessu tilefni. Þar er þess meðal annars getið að fjárhæð ábyrgðarinnar takmarkist við þá fjárhæð, en „að auki og til viðbótar við tilgreinda fjárhæð ábyrgist ábyrgðarmaður bankakostnað og vexti sem leggjast á yfirdráttarskuldina samkvæmt gjaldskrá sparisjóðsins og greiðslu dráttarvaxta og allan kostnað af innheimtu komi til vanskila“. Þá er í skilmálunum mælt fyrir um það að sjóðnum sé heimilt að loka reikningi og krefjast greiðslu á yfirdráttarskuld sé hún ekki greidd á gjalddaga eða reikningseigandi hafi farið yfir heimild sína.

Óumdeilt er að stefndi Rúnar Þrestur undirritaði framangreinda yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð. Í vitnisburði Bjarna Tómasar Jónssonar fyrir dómi, en hann var starfsmaður Byrs sparisjóðs á þeim tíma sem hér skiptir máli, kom fram að það hafi verið mat sjóðsins að hið stefnda félag þyrfti að setja frekari tryggingar fyrir greiðslu þeirra skulda sem tryggingarbréfinu frá 20. maí 2008 var ætlað að taka til. Í kjölfarið hafi yfirlýsing stefnda Rúnars Þrestar um sjálfskuldarábyrgð verið lögð fram. Eru með öllu haldlausar þær varnir stefnda að hann hafi ekki með skuldbindandi hætti undirgengist þessa ábyrgð eða að hún hafi verið skilyrt með einum eða öðrum hætti.

Auk þess að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð samkvæmt framansögðu undirritaði stefndi Rúnar Þrestur 23. maí 2008 yfirlýsingu fyrir hönd meðstefnda þar sem mælt var fyrir um ráðstöfun láns í formi yfirdráttar að fjárhæð 50.000.000 krónur af reikningi nr. 500004 í útbúi stefnanda við Borgartún í Reykjavík. Að teknu tilliti til þess sem þar greinir nam ónýtt yfirdráttarheimild 7.162.150 krónum. Ekkert er komið fram í málinu sem bendir til annars en að mismuninum, 42.837.850 krónum, og að auki 129.638 krónum vegna vanreiknaðs stimpilgjalds af 8 veðskuldabréfum, hafi verið ráðstafað í þágu stefnda Fjárfestingarfélagsins Orku ehf. og í fullu samræmi við vilja stefnda Rúnars Þrestar sem fyrirvarsmanns þess. Er þannig hafnað þeim málsástæðum stefndu sem lúta að því að raunin hafi verið önnur hvað þetta varðar. Staðan á reikningnum var þannig að þessu gerðu neikvæð um 42.967.488 krónur. Til viðbótar hafa stefndu samþykkt kröfur samtals að fjárhæð 6.357.263 krónur, en þar er um að ræða úttektir af reikningnum á tímabilinu 30. maí til 13. júní 2008. Þá ber að fallast á kröfu sem til var stofnað með úttekt 4. júní upp á 1.350 krónur. Hins vegar telst stefnandi ekki hafa gert næga grein fyrir kröfu að fjárhæð 250.185 krónur, sem tekur annars vegar til árgjalds fyrir greiðslukort upp á 185 krónur, en sú fjárhæð var gjaldfærð 9. júní 2008, og hins vegar til heimildargjalds að fjárhæð 250.000 krónur sem var gjaldfært 30. sama mánaðar. Getur krafa stefnanda að þessu leyti því ekki náð fram að ganga, en hann lagði ekki fram gögn um hana fyrr en að framkominni greinargerð stefndu og áttu þeir af þeim sökum ekki kost á að verjast henni þar með viðhlítandi hætti. Í ljósi þessa og að

virtum gögnum sem taka til annarra krafna sem féllu til frá og með 30. júní 2008, en þar er um að ræða samningsvexti, þjónustugjöld og vanskilakostnað, verða samningsvextir lækkaðir um 33.800 krónur og þessir kröfuliðir teknir til greina með 5.123.817 krónum. Er þá jafnframt litið til þess að samningsvextir voru um tíma reiknaðir af tvöföldu heimildargjaldi.

Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu getur sá, sem kröfu er beint að, krafist þess að hún verði færð niður um fjárhæð sem nemur mismun á því verði, sem eign hefur verið seld fyrir við nauðungarsölu, og því sem sýnt þykir að hafi verið markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs miðað við þau greiðslukjör, sem eignin var seld gegn. Stefndu vísa til þessa ákvæðis í greinargerð sinni og halda því fram að við nauðungarsölu á fasteigninni að Breiðhelli 22 í Hafnarfirði hafi stefnandi í reynd fengið dómkröfu sína greidda að fullu. Undir rekstri málsins hafa stefndu ekki sýnt fram á að efni standi til þess að fallast á kröfu þeirra um sýknu á þessum grunni eða að fjárkrafa stefnanda eigi að sæta lækkun á grundvelli þessara sjónarmiða. Kemur þessi málsástæða stefndu því ekki frekar til álita við úrlausn málsins. Þá hafa stefndu ekki með nokkru móti leitast við að færa fyrir því sönnur að hið stefnda félag eigi gagnkröfu á hendur stefnanda vegna tjóns sem það hafi orðið fyrir og hann beri ábyrgð á.

Að mati dómsins eru engar forsendur til að víkja sjálfskuldarábyrgð stefnda Rúnars Þrastar til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá kemur ekki heldur til álita að beita ákvæðinu að því er tekur til þeirra skuldbindinga meðstefnda sem krafa stefnanda á hendur honum styðst við.

Samkvæmt öllu framansögðu er krafa stefnanda á hendur stefnda Fjárfestingafélaginu Orku ehf. tekin til greina með 54.449.918 krónum (42.967.488 + 6.357.263 + 1.350 + 5.123.817). Á grundvelli yfirlýsingar stefnda Rúnars Þrastar um sjálfskuldarábyrgð, sem hann er samkvæmt framansögðu bundinn af, verður honum gert að greiða stefnanda 50.000.000 krónur óskipt með félaginu.

Lögmaður stefnanda ritaði stefndu innheimtubréf 9. desember 2008. Með vísan til þessa og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu verða dráttarvextir dæmdir frá 9. janúar 2009.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal sá, sem tapar máli í öllu verulegu, að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Engin rök eru til að víkja hér frá þessari meginreglu. Verða stefndu með vísan til þessa og málsúrslita samkvæmt framansögðu óskipt dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Fjárfestingafélagið Orka ehf., greiði stefnanda, Byr hf., 54.449.918 krónur, þar af óskipt með stefnda Rúnari Þresti Grímssyni 50.000.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. janúar 2009 til greiðsludags.

Stefndu greiði óskipt stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson